




SÉRHÆFD GREINING & MEÐFERÐ

Barnaverndarþjónusta getur
óskað eftir greiningu og meðferð
fyrir börn og unglinga.

Í Barnahúsi er notast við
gagnreyndar aðferðir í
meðferðarvinnu. Megin áhersla
er á áfallamiðaða meðferð.



RÁÐGJÖF OG FRÆÐSLA

Hægt er að hringja í Barnahús og
óska eftir ráðgjöf og
leiðbeiningum.

Barnahús býður einnig upp á
fræðslu og fyrirlestra.

Símanúmer: **530-2500**

Netfang: **barnahus@barnahus.is**

VEFSÍÐA BARNAHÚS:



EF GRUNUR LEIKUR Á AÐ BARN
HAFI ORÐIÐ FYRIR OFBELDI
HAFÐU SAMBAND VIÐ
BARNAVERNDARÞJÓNUSTU Í
SVEITARFÉLAGI BARNSINS EÐA
HRINGDU Í 112



Barna- og
fjölskyldustofa




BARNAHÚS

UM BARNAHÚS

Barnahús sinnir málefnum barna og unglunga sem grunur leikur á að hafi orðið fyrir eða verið vitni að ofbeldi.

Barnahús hefur verið starfrækt frá árinu 1998. Markmið Barnahúss er að veita sérhæfða þjónustu frá ólíkum fagaðilum undir sama þaki í barnvænu umhverfi.



RANNSÓKNARVIÐTÖL

Sérfræðingar Barnahúss hafa fengið þjálfun í viðurkenndri samtalstækni sem þeir nota í rannsóknarviðtölum.

SKÝRSLUTAKA FYRIR DÓMI

Dómstólar geta óskað eftir að skýrslutaka fari fram í Barnahúsi sé barnið undir 15 ára aldri.

Sérfræðingar Barnahúss sjá að öllu jöfnu um viðtalið, undir stjórn dómara. Unglingar á aldrinum 15 til 18 ára fara í skýrslutöku til lögreglu, nema í undantekningar tilvikum.

KÖNNUNARVIÐTAL

Fer fram að beiðni barnaverndarþjónustu þegar málið fer ekki í lögreglurannsókn.



FYLGDARLAUS BÖRN Á FLÓTTA

Barnaverndarþjónusta í samráði við Útlendingastofnun getur óskað eftir könnunarviðtali fyrir fylgdarlaus börn og unglunga á flóttu.



LÆKNISSKOÐUN

Læknisskoðunin getur farið fram í Barnahúsi sé þess óskað. Læknar og hjúkrunarfræðingur sjá um skoðunina.